









Inga Björk Dagfinnsdóttir

Inga Björk Dagfinnsdóttir:

Arkitektúr er alhliða hönnun

Inga Björk Dagfinnsdóttir, arkitekt, hlaut 2. verðlaun í samkeppni Menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar um gerð umhverfislistaverks við torg Borgarleikhússins. Inga Björk er Reykjavíkingur og er alin upp í austurbænum. Stúdentsprófi lauk hún frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, en síðan lá leiðin til Lundúna, þar sem hún lagði stund á arkitektúr við A.A. eða Architectural Association School of Architecture. Sá skóli er einkaskóli rekinn af samtökum arkitekta og er fyrsti arkitektaskóli Breta.

„Ég tók allt námið við þann skóla, en ekki í einni striklotu. Ég tók meðal annars ársfrí til að vinna svo fór ég m.a. til Rómar, til að skoða byggingar. Arkitektúrnemar gera það gjarnan eigi þeir þess kost því þar er svo mikið af stórkostlegum minjum og byggingum. Ennfremur er það ævagömul hefð listunnenda að dveljast þar um tíma.

Eftir að náminu lauk vann ég í London, en hef síðastliðið ár starfað hér heima, bæði með öðrum arkitektum og sjálfstætt.

Hér heima eru atvinnumöguleikar góðir eins og er, það er mikið að gera. En þetta er að sjálfsögðu háð efnahagsástandi í landinu hverju sinni og núna erum við að njóta góðs af góðærinu '87. Svo má einnig þakka því að viðhorf almennings til arkitekta eru að breytast og fólk virðist í sífellt auknum mæli gera sér fyrir mikilvægi hönnunar."

— Er svona samkeppni um umhverfislistaverk vettvangur þar sem arkitektúr og myndlist mætast eða er arkitektúr listgrein?

„Sagt hefur verið að arkitektúr sé móðir listarinnar, þetta eru að minnsta kosti greinar sem erfitt er að skilja að þrátt fyrir það að tengslin geti að sjálfsögðu verið mismikil allt eftir aðstæðum hverju sinni. Ef við göngum hinsvegar út frá því að arkitektúr sé listgrein þá gengur hún yfirleitt út frá allt öðrum forsendum en til dæmis höggmyndalist, þar sem arkitektúrinn er svo háður utanaðkomandi áhrifum, sem listamaðurinn, arkitektinn verður að taka tillit til við sína sköpun.

Myndlistarmaðurinn getur hins vegar komið hugarfóstri sínu í fast form án þess að spyrja kóng eða prest.

Annars eru þess dæmi að arkitektar séu jafnframt myndlistarmenn og ber þar fyrstan að nefna Michelangelo, sem var myndhöggvari, málaði og byggði jöfnum höndum. Hann gerði meðal annars eitt áhrifamesta torg í heimi, Campidoglio, sem er í Róm.

Bernini fékkst bæði við arkitektúr og höggmyndir og af þeim sem standa okkur nær, tímalega séð, má nefna Corbusier og Aalto sem hönnuðu húsgögn, lampa og glerhluti. Þessi tilhneiging til víðtækrar sköpunar er þó langt því frá að vera algild, heldur er þetta allt spurning um hæfileika og samstillingu.

Í sumum tilvikum, hinsvegar, er arkitektúr, svo alhliða að sami aðili gæti hannað allt frá hnífapörum til útveggja. Það gætir hinsvegar oft misskilnings á hlutverki arkitekta og fólk heldur gjarnan að þetta sé mjög einangruð grein, og flest okkar kannast við að vera spurð hvort við séum utan- eða innanhússarkitektar? En þetta er nú að breytast, og ég veit að erlendis er fólk í auknum mæli farið að nýta sér þjónustu arkitekta, sérstaklega unga fólkið sem vill hafa „sinn" arkitekt sem það getur síðan leitað til þegar það þarf á ráðgjöf að halda.

Það var mjög lærdómsríkt að búa í Englandi. Fyrstu árin í Lundúnum, þjó ég í Hampstead, sem er gott hverfi og mér leið vel í. Síðan hækkaði húsaleigan alltaf smám saman þar til að mér var ekki stætt á því að eyða svo miklum hluta námslánsins, í leigu — svo að ég flutti til East-End. Þar búa mestmegnis verkamenn svo og innflytjendur, svertingjar og Indverjar, og er mikið um það að fólk sé atvinnulaust. Austurhlutinn fór mjög illa út úr stríðinu, vegna nálægðar sinnar við höfnina, og var nánast jafnaður við jörðu. Það má þó sjá einstaka hús sem sluppu og gefa til kynna hversu skemmtilegt þar hefur verið umhorfs fyrir stríð. Um 1960 þegar nægilegu fjármagni hafði verið safnað saman var hafist handa við uppbyggingu — og blokkir úr forsteyptum einingum leystu rústirnar af hólmi.

Í þessar bæjarblokkir var síðan fátækasta fólkið flutt. Þetta fólk hafði jafnmikil áhrif á umhverfi sitt og umhverfið hafði á það — og eyðileggingarhvöt virðist oft allsráðandi. Það er gróðrarstía vonleysisins sem e.t.v. er orsök þessa, þar sem unga fólkið gengur í skóla án þess að hafa nokkra haldbæra von um að fá vinnu þegar skólagöngu lýkur. Virðingarleysi fyrir munum, mönnum og þjóðfélaginu í heild virðist vera allsráðandi.

Enn geisar stríð í East-End þótt með öðrum hætti sé því í kjölfar mikillar uppbyggingar á hafnarsvæðinu — hefur „ungt fólk á uppleið" flykkst frá Hampstead og Kensington þar sem það sleit barnsskónum og kaupir grimmt bæði venjuleg hús og vöruhús. Afleiðingin er sú að verð á húsnæði hefur rokið upp úr öllu valdi, sex eða sjöfaldast á sl. 3 árum. Þetta setur unga fólkið sem hefur alist þarna upp í slæma aðstöðu, því það hefur ekki nokkra möguleika á að kaupa sér þak yfir höfuðið. Þessi innrás „uppanna" hefur einnig haft áhrif á kostnað hins daglega brauðs, þar sem kaupmaðurinn á horninu er skyndilega farinn að selja franskt vatn á flöskum — og hækkað allt vöruverð, sem sniðið er að kröfum nýju hverfisíbúanna. Þetta hefur, eins og gefur að skilja, ekki fallið í góðan jarðveg. Að lifa og hrærast í svona umhverfi er ekki ýkja skemmtilegt en vissulega eykur þetta víðsýni manns og umburðarlyndi. Þar komum við m.a. að einum kosti þess að nema erlendis, það er ekki eingöngu námið sem er lærdómsríkt, heldur er reynslan þaðan ekki síður mikilvæg — og maður kann betur að meta það sem er hérna heima."

— Hvernig hugsar þú þér verkið þitt á torginu?

„Verkið er umhverfisverk, sem byggir á hreyfingu. Hin hefðbundna uppstilling skúlptúrs á torgi hefur orðið að víkja fyrir þeirri hugmynd, að torgið sé sjálft að verki sem skúlptúr. Landið býr yfir sérstökum krafti jarðelda, hvera, norðurljósa og svo framvegis og er hugmyndin sú, að hluti af þessu lífsafli sé beislað, fært til borgarinnar, á torgið, og útfært þar á táknrænan hátt þannig að hægt sé að njóta þess í ys og þys hins daglega borgarlífs. Verkið er því alíslenskt.

Meginþáttur verksins er tjörnin, sem er aðeins 20 sentimetra djúp og er felld inn í torgið. Umfang hennar er síbreytilegt, minnst 8 metrar og mest 18 metrar þegar hún hefur stækkað sig með sífelldri hægri hreyfingu á 30 sekúndum. Síðan dregur hún sig saman aftur næstu 30 sekúndurnar, niður í 8 metra og svo koll af kolli. Þannig er hún orðin tímamælir, eða vatnsklukka og líða mínúturnar þannig hver af annarri og tjörnin hleður sig. Eftir 60 mínútna hleðslu, þá gýs hún vægu gosi. Fjöldi gosa hverju sinni fer eftir því hvað tíma líður, ef klukkan er til dæmis fimm, þá gýs fimm sinnum. Flöktandi ljós, sem eru í kringum tjörnina, kvikna og slokkna með hverju gosi þannig að öldur tímans flæða yfir allt torgið, fyrst í formi vatns og síðan í formi ljósa. Þannig hafa þessir tveir kraftar ljóss og vatns samstillt sig í þessum tímamæli.

Torgið er á þennan hátt orðið nokkurs konar sjálfstæð lífvera, sem slær í takt við hið tímameðvitaða borgarlíf. Jafnframt því að tjörnin virki sefandi með sínum hægfara hreyfingum, þá gefa hin flöktandi ljós til kynna ys og þys. Torgið er með samvirkni þessara eðlisþátta orðið einskonar sjálfstæð lífvera, sem nærist á sjálfu andrúmslofti borgarlífsins.

Dómnefnd þótti verkið mjög athyglisvert og var einn dómnefndarmanna svo áhugasamur, að hann lagði til að þessu verki yrði fundinn samastaður á einhverju öðru eða nýju torgi borgarinnar.



f þeim myndum, sem eru sýndar arvalsstöðum

annars að flytja fjórvíddarfyrirbæri, eins og manninn, yfir í tvívídd myndflatarins. Þú ert að setja manninn í tvívídd og samtímis veistu ekki nema hálfan sannleikann um viðkomandi einstakling, jafnvel þótt hann sé þú sjálfur.

Svo getur verið skemmtilegt að skoða hvernig myndlistarmenn hafa upplifað sjálfa sig. Það má sjá að íslenskir myndlistarmenn, í gegnum tíðina, hafa ekki velt fyrir sér myndrænum möguleikum sjálfsmyndarinnar. Þeir láta sér nægja, í flestum tilfellum, að mála á sér andlitið, eins og það birtist á spegli, frekar en í ákveðnum myndstíl.

Þrátt fyrir það má alltaf lesa út ákveðið viðmót. Eins og rómantíska stellingu Þórarins B, þar sem hann virðist djúpt hugsi við skrifborðið. Jón Stefánsson er sá eini sem málar mynd af sér sem málara. Hinir gætu allt eins verið bændur, sjómenn eða hvað sem er. Þú gætir ekki lesið út úr myndunum þeirra við hvað þeir unnu. Jón Stefánsson sem málar mynd af sér með pensil og léreft er hinsvegar sannfærður um sinn tilgang.

Þetta á ekki að vera þessi þura, stífa hámenningarlega málverkasýning, heldur gefum við ákveðið rými fyrir leikinn. Þessvegna er mikið lagt upp úr sviðssetningunni á þessari sýningu. Við höfum sett þannig skilrúm inn í salinn að þau myndi einhvers konar völundarhús. Síðan er salurinn rökkvaður og eingöngu notuð „spottljós" sem lýsa á hverja mynd. Þetta gerum við til að rjúfa tengslin milli myndanna, vegna þess að það eru engin innbyrðis tengsl milli þeirra. Þetta eru allt sjálfstæðar myndir og það á ekki að lesa neina listfræðilega eða listsögulega þróun út úr því sem ber fyrir á sýningunni, heldur hefur hver mynd sinn tíma, eða öllu heldur sitt tímaleysi.

Með því að setja myndirnar inn í þetta völundarhús, slíta þær úr tengslum og rökkva salinn, viljum við styrkja tengslin milli áhorfandans og sérhverrar myndar. Áhorfandanum er boðið upp á mjög náin tengsl við hverja mynd og salurinn er ekki skoðaður sem ein heild.

Heildarsvipur salarins felst í sviðsetningunni, en ekki í myndunum. En eins og ég sagði, þá er þetta ekki sögulegt yfirlit, því við náðum ekki í suma listamennina, eða verk þeirra, svo að margir mætir listamenn okkar eru ekki með í þessari sýningu."

ssv